



## Greinargerð um síldveiðar og síldarbræðslu, ódagsett (líklega 1937)

---

Bjarni Benediktsson Greinargerð um síldveiðar og síldarbræðslu - Sólbakki Hesteyri – Djúpavík – Ríkisv 1930 – Dr. Paul – Rauðka – Grána – Dagverðareyri – Krossanes – Raufarhöfn – Nýja Ríkisv. – Neskaupstaður – Seyðisfjörður – Hjalteyri – Akranes – Kalda kol – Mál – Bræðslusíld – Finnur Jónsson – Haraldur Guðmundsson – Júlíus Hafsteinn – Ólafur Björnsson – Kveldúlfur – Magnús Kristjánsson – Tryggvi Þórhallsson – Jón Þorláksson – Síldarlýsi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Menn líta bjartari augum til síldveiðanna á komandi vertíð en þeir hafa gert í fjölda mörg ár.

Bræðslusíldarverðið, sem fyrir nokkrum árum var kr. 3.- fyrir málið, er komið upp í kr. 8.-- vegna gífurlegrar verðhækkunar á síldarlýsi og síldarmjöli.-

Hækkunin á bræðslusíldarverðinu hefur skapað stóraukna þáttöku í veiðunum.-

Það er veiðin á síld til bræðslu, sem verður undirstaða síldveiðanna í sumar.-

Gera má ráð fyrir, ef vel gengur, að greiddar verði nærri 10 milljónir króna fyrir bræðslusíld til sjómanna og útgerðarmanna og útflutningsverðmæti bræðslusíldarafurða verði um 13 milljónir.kr.

Aftur á móti fá sjómenn miklu minna fyrir síld til söltunar tiltölulega en áður. Sé lágmarksverð Síldarútveganefndar lagt til grundvallar mun hlutur sjómanna og útgerðarmanna af þeirri síld vart verða yfir 2 1/2 milljón króna og mjög vafasamt, hvort hann nær því.-

Síldarverksmiðjuresksturinn er stórnærkur þáttur í atvinnuvegum Íslendinga. Allir landsmenn og þó einkum þeir, sem hafa lífuppeldi sitt af sjávarútvegi, þurfa að fylgjast með <sup>þess</sup> ~~þess~~ <sup>þess</sup> ~~þess~~, hvernig þessi atvinnuvegur hefur vaxið upp og hver afskipti stjórnarvaldanna hafa verið af honum í stórum dráttum fyrr og síðar.-

Það sem menn reka fyrst augun í, er þeir athuga rekstur síldarverksmiðjanna s.l. sumar, er það, að allar þær 12 síldarverksmiðjur, sem þá störfuðu voru annaðhvort byggðar fyrir árið 1934 eða byrjað að reisa þær fyrrihluta þess árs.

Þetta gerðist á þeim árum, sem afkoma síldarverksmiðjanna var svo léleg vegna hins lága afurðaverðs, að þær börðust í bökkum með reksturinn, þótt þær greiddu ekki nema kr. 3,00 fyrir málið.-

Öll aukning, sem orðið hafði á síldarverksmiðjunum, sem störfuðu s.l. sumar, síðan árið 1930, var ákveðin meðan Sjálfstæðisflokkurinn átti fulltrúa í ríkisstjórninni á árunum 1932 - 1934. - Magnús Guðmundsson skipaði há sesti atvinnumálaráðherra af hálfu Sjálfstæðismanna

Framsóknarmenn og sósíalistar skildu við síldarútveginn í fullkomnu öngþveiti eftir ráðsmennsku sína 1927 - 1931.

Síldareinkasalan var komin á höfuðið. Tapið á henni hafði orðið svo afskaplegt, að síðasta árið tapaðist allt andvirði <sup>ferð</sup> saltsíldar og meira en ein milljón króna að auki.- Samt lét Finnur Jónsson kjósa sig sem formann síldareinkasölnunar þegar tapið var komið í ljós og stlaði að halda henni áfram, en Tryggvi Þórhallsson tók í taumana og afdnam einkasölnuna með bráðabirgðalögum.-

Síldarverksmiðjurnar voru að fara í sama kalda-kol. Árið 1931 voru ekki reknar nema fimm verksmiðjur af átta. Verksmiðjurnar, sem störfuðu, ummu úr ca. 7000 málum á sólarhring, en hinar, sem ekki voru reknar, hefði getað unnið úr samtals 2500 - 3000 málum.-

Verð á síldarlýsi og síldarajóli hafði fallið í lágmark í árslok 1930 og hélzt í því með <sup>minning</sup> ~~litlum~~ litlum breytingum þangað til í ársbyrjun 1935.

Þrátt fyrir þetta tókst á árunum 1932 - 34 fyrst og fremst fyrir atbeina Sjálfstæðisflokkenins og ráðherra hans, að

fjölga starfandi síldarverksmiðjuna úr fimm upp í tólf og auka afköstin á sólarhring úr 7000 málum upp í 17000 mál.-

Frankvæmdakeysi núverandi stjórnarflokka og Haralds Guðn undssonar atvinnumálaráðherra þeirra, stingur mjög í stúf við framkvæmdir Sjálfstæðisflokksins og ráðherra hans.

Í ársbyrjun 1935 nokkrum mánuðum eftir stjórnarekiftin fór síldarlýsi að stíga í verði. Á árinu hækkaði það í verði um 100% og breytti það horfum síldarverksmiðjuvæðisins stórum til hins betra. Síðan hefur verð á síldarlýsi hækkað enn meira og verð á síldarmjóli um 20 - 25%.-

Síldarverksmiðjureksturinn, sem á árunum 1930 -1934 átti í vök að verjast, var orðinn mjög arðvænlegur þegar síldarlýsið var stígið í verði 1935. - Verð á bræðslusíld til sjómanna og útgerðarmanna hækkaði stórkostlega, sem auðvitað leiddi til þess að miklu fleiri skip voru gerð út á síldveiðar en áður.

Þrátt fyrir þetta hafa stjórnarflokkarnir ekkert gert til þess, að fjölga síldarverksmiðjum í landinu. - Afköst ríkisverksmiðjanna hafa ekki verið aukin með nýbyggingum.

Finnur Jonsson hefur sérstaklega maldað í móinu gegn nýrri verksmiðju á Raufarhöfn, eða stökkun á verksmiðjunni þar.

Fjöldi sjómanna og útgerðarmanna höfðu beint þeirri áskorun til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins að hún léti stækka og endurbeta verksmiðjuna á Raufarhöfn, svo að afköst hennar a.m.k. tvöfölduðust fyrir komandi síldarvertíð. Einnig að þrjár verksmiðjunnar yrðu stækkaðar.

Verksmiðjustjórnin tók ekkert tillit til þessara áskoranna.-

Finnur svaraði einni áskruninni orðrétt í bréfi þannig:

*Guðs. Guðm. 4/2 1934*

" Mikil stökkun á verksmiðjunni á Raufarhöfn mun reynast erfið, vegna þess hve höfnin er grunn. Hverki fljóta stærstu síldarskipin inn á höfnina né heldur önnur en minnstu flutningaskip. Verða því stíð vandkvæði um útflutning frá Raufarhöfn og þegar síld er lítil að austanverðu geti einnig orðið vandkvæðum bundið með síld til vinslu í verksmiðjuna þar, þó nóg síld væri annarsstaðar ".

4a  
→  
Á síðustu stundu nú í vor var ákveðið að byggja nýja síldarþró á Siglufirði, sem á að taka aðeins 20 þús mál. Þróin verður dýrari en hún þyrfti að verða, vegna þess hve seint var ákveðið að byggja hana og óvíst að hún verði tilbúin fyrir síldar tíma. - Sinnig er talið vafasamt, hversu hentugt fyrirkomulag sé á innréttingu hennar.-

Eftir verðhækkun lýsisins og bræðslusíldarinnar 1935 benti ég á í blaðagrein, að þrátt fyrir aukninguna úr ca. 7000 mála vinslu á sólarhring 1931 upp í 17000 mál 1935, væri brýn þörf á fleiri síldarverksmiðjum vegna hins nýja viðhorfs, sem skapaðist við verðhækkun síldarlýsis.-

En sjálfsagt hefði verið, að ríkisverksmiðjurnar reistu a.m.k. tveir nýjar síldarverksmiðjur aðra á Raufarhöfn, en hina á Sauðárkróki.-

Núverandi stjórn síldarverksmiðjanna og ríkisstjórnin hafa verið á annari skoðun. - Atvinnumálaráðherra Haraldur Guðmundsson hefir ekkert gert til þess að fjölga síldarverksmiðjum í sinni ráðherratíð nema hagnýtt sér heimild, sem samþykkt var á Alþingi 1933, til þess að koma upp 600 mála síldarverksmiðju á Reyðisfirði.

Forgönguna fyrir að koma upp nýjum síldarverksmiðjum hafa aðrir haft.

Allur vélbátaflotinn getur flotið að bryggju á Raufarhöfn, þar á meðal ~~eru~~ bátar Samvinnufélags Isfirðinga. En þeir hafa oft, eins og aðrir, orðið að fara þáan vegna þess að Raufarhafnarvekkemiðjan er alltof lítil og hefir ekki haft undan að vinna úr síldinni.

Enginn skortur hefir verið hingað til á flutningaskipum til að flytja afurðir þáan.-

Raufarhöfn er besta höfnin í nánd við Langanessíldarmiðin, sem hafa ekki brugðist í 20 ár. Án Raufarhafnar er nær ógjörningur fyrir vélbátaflotann og önnur smærri skip að sækja á Langanessmiðin. - Besta nauðsyn allra smærri skipa er því öflug síldarvekkemiðja á Raufarhöfn.-

Nú er verið að reisa tveir nýjar síldarverksmiðjur, -  
verksmiðju Kveldúlfis á Hjalteyri, sem áætlað er að vinni 4 -  
5000 þús mál á sólarhring og verksmiðjuna á Akranesi, sem áætlað  
er að vinni 600 mál á sólarhring. Báðar þessar verksmiðjur á að  
reka í sumar. Auk þess þeir verið ráðgert að byggja 3 smá-verk-  
smiðjur, á Ingólfsfirði 1 - 200 mála verksm., á Húsavík 400 mála  
verksmiðju og 200 mála verksmiðju á Hólmavík. Engin þessara  
þriggja smá-verksmiðja mun komast upp svo snemma að orðið geti  
úr rekstri í sumar og jafnvel óvíst, hvort nokkuð verði af bygg-  
ingu tveggja þeirra síðastnefndu.-

Júlíus Hafstein sýslumaður hefir unnið manna mest  
að því, að síldarverksmiðja kemist upp á Húsavík og eru nú talðar  
á því góðar horfur.-

Ólafur Björnsson útgeðarmaður á Akranesi beitti sér  
síðastliðinn vetur fyrir stofnun félags þar í kaupúninu til þess  
að reisa síldar- og fiskinýðisverksmiðju á Akranesi. Áhugi var  
mikill fyrir málinu og félagið stofnað með almennri þátttöku og  
er það nú af eigin rannaleik að láta reisa verksmiðjuna.-

H/f Kveldúlfur ákvað að reisa síldarverksmiðju á Hjalteyri. - Verksmiðjan mun verða stærsta síldarverksmiðja, sem byggð hefir verið hér á landi eða jafnstór Djúpavíkurverksmiðjunni eftir xxx þá aukningu, sem gerð hefir verið á henni nú í vor.-

Sósíalistar reyndu með öllu móti að spilla fyrir því, að verksmiðjan væri reist. Atvinnumálaráðherra xx notaði tylli-  
ástæður til þess að neita félaginu um byggingaleyfi fyrir verk-  
smiðjuna. - Framsóknarmenn létu undan síga eftir mikið þóf og með atkvæðum þeirra og Sjálfseðismanna var samþykkt ályktun á Alþingi í hinu svokallaða Kveldúlfsmáli, þar sem svo var mælt fyrir að leyfi skyldi veita til að reisa verksmiðjuna, en sósíalistar sátu við sinn keip.

Finnur Jónsson, aðaltrúnaðarmaður sósíalista og núverandi ríkisstjórnar í síldarútvegsmálum, sýndi áþreifanlega umhyggju sína fyrir hag íslenskra sjómanna og útgerðarmanna með því að flytja breytingartillögu á Alþingi um það, að síldarverkemiðja Kveldúlfs þætti ekki vera stærri en svo að hún ynni 2500 mál á sólarhring. - Þetta var síðasta hálmstráíð, sem Finnur greip í, til þess að hindra ~~xxxxx~~ aukna atvinnu sjómanna og verkamanna, þegar hann og hans nótar höfðu orðið að lúta í lagra *haldi* og gátu ekki stöðvað alveg byggingu verkemiðjunnar eins og meining þeirra hafði verið.-



Á fyrsta þingi eftir kosningarnar 1934 fengu sósíalistar því framgengt, að svo var ákveðið í lögum, að samþykki ætítt atvinnuáráðherra þyrfti til þess að einstaklingar eða félög mættu reisa nýjar síldarverksmiðjur eða stækka þær, sem fyrir voru.

Ýmsa grunaði að þessi lagabreyting miðaði að því að hindra eðlilegax aukningu síldarverksmiðjanna og framkoma sósíalista á síðasta Alþingi sýndi að sá grunur var ekki ástæðulaus.

Áf þeim staðreyndum, sem hér hafa verið dregnar fram, geta menn ráðið hverjir hafa staðið fyrir að reisa nýjar verksmiðjur og hverjir hafa streitt á þar á móti.-

Nú mun ég rekja í stórum dráttum þróun síldarverksmiðjanna hér á landi frá upphafi til ársloka 1936.-

8

Fyrstu síldarbræðslustöðvarnar hér á landi voru reistar á Siglufirði árið 1911 af Norðmönnum. - Verksmiðjurnar voru tver og van<sup>n</sup>önnur þeirra úr 500 síldarmálum á sólarhring, en hin úr 150 málum. Þá voru einnig starfræktar hér við land tver verksmiðjur í skipum, önnur af Norðmönnum, hin af dönsku félagi. -

Þessar fyrstu verksmiðjur höfðu aðeins dúkappressur og voru mjög seinvirkar, eins og síldarverksmiðjur í Noregi voru á þeim tíma.

Um þessar mundir byrjaði ameríska vinnsluaðferðin við síldarbræðslu að ryðja sér til rúms í Noregi. - Þýzkur verkfræðingur M. J. Schrezenmeier hafði árið 1910 verið sendur til Noregs af amerísku félagi, sem smíðaði síldarbræðsluvélar og hafði þar staðið fyrir smíð á fyrstu norsku síldarverksmiðjunni, sem vann með amerísku aðferðinni. -

Þessi nýja vinnsluaðferð hafði marga kosti fram yfir gömlu aðferðina. - Með henni urðu verksmiðjurnar miklu afkastameiri og framleiddu einnig meiri og betri afurðir. Þetta fyrirkomulag ruddi sér þó ekki almennt til rúms í Noregi fyr en á árunum 1916 - 18. -

1912 -  
Krossanesverksmiðjan var reist árið 1913 af Norðmönnum. Var hún fyrsta verksmiðjan, sem ~~xx~~ gerð var hér á landi með amerísku aðferðinni. - Verksmiðjan var lang afkastamest þeirra verksmiðja, sem þá störfuðu og vann um 2000 mál á sólarhring. - Schrezenmeier, sem áður er nefndur, var verkfræðilegur ráðunautur við smíði hennar. Sama starf hafði hann seinna við smíð Dr. Pauls verksmiðju á Siglufirði árið 1926 og síldarverksmiðju ríkisins 1929 - 1930, *á samt hvar. G. H. Ó. Ó. Ó.*

Útlendingar, Norðmenn og Danir, héldu svo áfram að reisa fleiri síldarverksmiðjur, en þær voru allar afkastalítlar móts við Krossanesverksmiðjuna og sumar störfuðu ekki nema fá ár. Söbstadsverksmiðjan á Siglufirði brann, Svangerverksmiðjan við Siglufjörð fóret í snjóflóði.

Heildarafköst útlendu síldarverksmiðjanna, sem hér störfuðu voru ekki nema 4 - 5000 mál á sólarhring þegar fyrsta íslenska félagið fór að reka síldarbræðslu árið 1925.-

Þetta fyrsta innlenda félag var stofnað af Kristjáni heitnum Torfasyni. Félagið keypti fósturajölsverksmiðju, sem útlendingar höfðu reist á Sólbakka við Öfundarfjörð og breytti henni í síldarverksmiðju. Rekstur verksmiðjunnar var í fyrstu reistur á því að veita síldinni, sem bræða skyldi, móttöku á Siglufirði í stóra barka og flytja hana í þeim til Flateyrar. Á þessum flutningum skemmdist síldin og félagið varð xx fyrir miklum töpum og eignaðist Íslandsbanki þá stöðina.-

Landmenn litu mjög misjöfnum augum á rekstur síldarverksmiðjanna í upphafi, eins og á síldarverksmiðju útveginn yfirleitt. - Þegar h/f Kveldúlfur hóf rekstur síldarverksmiðjunnar á Hesteyri sumarið 1926 var af ýmsum lítið á það sem glæfralegt "brask" og verksmiðjann myndi auka, en ekki minnka, áhættu félagsins við síldarútgerð. En rekstur Hesteyrar verksmiðjunnar gekk svo vel þegar í byrjun, að það fyrirtæki varð mjög til þess að ýta undir áhuga annara útgerðarmanna fyrir síldarverksmiðjum.-

Á Alþingi voru 1927 flutti Magnús Kristjánsson, síðar ráðherra, þingsályktunartillögu um rannsókn á kostnaði við að setja upp fullkomna síldarverksmiðju á hentungum stað á Norðurlandi.-

Magnús Guðmundsson þáverandi atvinnuálaráðherra

malti með því, að tillagan væri samþykkt, enda flaug hún í gegn í sameinuðu Alþingi með 28 atkv. gegn tveimur.-

Magnús Kristjánsson hafði verið útgerðarmaður á Akureyri og var kunnugur ýmsum, sem mikinn áhuga höfðu fyrir stofnun síldarverksmiðja. - Mun Óskar Halldórsson útgerðarmaður, sem mikið ritaði um þessi mál og var kunningi Magnúsar, hafa styrkt mjög skoðun hans á nauðsyn síldarverksmiðja.-

Magnús Kristjánsson taldi, að eina ráðið til þess að halda síldinni í verði væri, að þeir sem veiddu síldina stofnuðu félag til síldarvinnslu svo að þeir gæti fengið sannvirði fyrir k hans.-

Eftir kosningarnar sumarið 1927 urðu stjórnarskipti og varð Magnús Kristjánsson fjármálaráðherra í hinn nýju stjórn, en Tryggvi Þórhallsson forsetis- og atvinnumálaráðherra. - Réðu þeir Jón Þorláksson, sem þá vék úr ráðherrastól, til þess að framkvæma rannsóknina /byggingu og rekstri síldarverksmiðjunnar.-

Eins og venta mátti leysti Jón Þorláksson rannsóknina fljótt og vel af hendi. Hann sýndi fram á, að verksmiðjan myndi verða þarft og arðvænlegt fyrirtæki og lagði til, að hún skyldi reist á Siglufirði.-

Á Alþingi 1928 voru þingflokkarnir sammála um að styðja byggingu síldarverksmiðjunnar, en miklar deilur urðu um, hvert fyrirkomulag ætti að vera á rekstri hennar. - Sjálfstæðismenn vildu veita samlagi eða samvinnufélagi síldveiðimanna allt að 1 millj. krónu lán til þess að koma verksmiðjunni upp, en ef slíkt félag yrði ekki stofnað fyrir 1. júlí 1928, þá væri ríkisstjórninni heimilt að reisa og reka verksmiðjuna sem ríkisfyrirtæki.-

Sósíalistar héldu fram skilyrðislausum ríkisrekstri á

verksmiðjunni og höfðu þeir sitt fram, þrátt fyrir andstöðu ýmissa Framsóknarmanna.-

Verksmiðjan var svo sett upp á árunum 1929 - '30 á Siglu-  
firði. - Siglufjarðarkaupstaður lagði til lóð undir verksmiðjuna,  
sem stofnfjártillag á móti tillagi ríkissjóðs.-

Stofnkostnaður verksmiðjunnar varð rúm ein milljón og  
fjögur hundruð þúsund krónur og lóðar-verðið tvö hundruð þúsund  
að auki.-

Meðan unnið var að gerð verksmiðjunnar skall heimskrepp-  
an á. Síldarlýsi féll niður í þriðjung verðs og síldarmjöl lækkaði  
þá og næstu ár um meira en þriðjung.-

Síldarverksmiðjurnar <sup>flestar</sup> urðu fyrir miklum töpum árið 1930  
og næstu ár þar á eftir, þrátt fyrir það, að þær lækkuðu verð á  
bræðslusíldinni niður í 3,00 kr. fyrir málið úr ca. 10,00 kr., sem  
það hafði verið fram til 1928.-

Sumarið 1931 var svo komið, að þrjár síldarverksmiðjur  
voru ekki starfræktar af þeim átta, sem reknar voru árið á undan.

Sama lága verðið var áfram á síldarverksmiðjuafurðunum,  
mjöli og lýsi, frá árslokum árið 1930, þangað til í ársbyrjun 1935.

Þegar stjórn Framsóknarflokksins, sem lengst af, frá  
1927 hafði setið með stuðningi sósíalista, fór frá völdum vorið  
1932 og samsteypustjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar tók  
við fór síldarverksmiðjureksturinn aftur að ferast í aukana, þrátt  
fyrir hið lága afurðaverð.

Vorið 1933 gekkst Beinteinn Bjarnason, Ólafur Þórðarson  
skipstjóri, Loftur Bjarnason og fl. Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði  
fyrir því, að félag sjálfstæðismanna í firðinum fengi þáverandi  
þingmann kjördæmisins, Bjarna Snæbjörnsson, til að bera fram þings  
ályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa eða

leigja Dr. Pauls verksmiðjuna á Siglufirði, sem hafði ekki verið rekin tvö undanfarin ár. - Bjarni flutti tillöguna og náði hún fram að ganga. - Verkmiðjan var keypt fyrir síldarvertið árið 1933 og starfrækt þá um sumarið. - Kaupverð hennar var kr. 310 þús. Ágæt síldveiði var þá um sumarið. Verkmiðjurnar höfðu ekki nærri undan að vinna úr þeirri síld, sem flotinn aflaði. - Var talið að um 140 þús. mál síldar hafi verið óveidd eða farið forgörðum þetta sumar vegna tregrar afgreiðslu og skorts á nægilegum síldarverkmiðjum. -

Ólafur Þórðarson skipstjóri, Óskar Jónsson, undirritaður og fleiri sýndu fram á það í blaðagreinum þá um haustið, að brýn þörf veri á nýrri síldarverkmiðju. -

Á haustþinginu 1933 fluttu Ólafur Thors og Jóhann P. Jónsson ásamt öðrum nefndarmönnum í sjávarútvegshæfingni neðri-deildar Alþingis ~~þingsályktunartillögu~~ *frumvarp* um heimild fyrir ríkisstjórnina að reisa nýja síldarverkmiðju á Norðurlandi fyrir allt að 1 millj. króna. - Sjálfstæðismenn og Bændaflokksmenn höfðu þá meiri hluta á Alþingi og tillagan flaug í gegn. Verkmiðjan var reist á Siglufirði og fullgerð 1935 og kostaði um eina millj. króna. -

Veturinn 1933-34 stofnuðu Jón Arnesen, Stefan Jónsson og fleiri útgerðarmenn við Eyjafjörð félag til þess að endurreisa síldarverkmiðjuna á Dagverðareyri við Eyjafjörð. - Þáverandi atvinnumálaráðherra Magnús Guðmundsson gerði allt, sem í hans valdi stóð, til þess að greiða fyrir því, að félagið fengi lán og aðstoðu til að starffækja verkmiðjuna. - Verkmiðjan komst upp og vinnur úr ca. 1200 málum á sólarhring.

H/f Alliance og Einar Þorgilsson hófu smíð á Djúpvík-urverkmiðjunni við Reykjarfjörð vorið 1934 og var verkmiðjan fullgerð sumarið 1935. Verksmiðjan vann í byrjun ca. 2400 mál

13

á sólarhring, en smíð var hagað þannig, að hægt væri að bæta við vélum til þess að tvöfalda afköstin og hefir það nú verið gert.

Enginn skrifur komst á undirbúning að kaupum Raufarhafnarverksmiðjunnar fyrr en árið 1934. Þá um voríð skipaði Magnús Guðmundsson, atvinnumálaráðherra, sildarverksmiðjunefnd til þess að gera tillögur hvar hin nýja sildarverksmiðja skyldi reist og um ýmislegt viðvikjandi aukningu sildarverksmiðja. Þrír nefndarmanna. Trausti Ólafsson, Loftur Bjarnason og undirritaður lögðu eindregið til við Ríkisstjórnina, að hún þá þegar voríð 1934 leitaði heimildar þingflokkanna til þess að kaupa Raufarhafnarverksmiðjuna. Kristján Bergsson, sem, eftir því sem Alþýðublaðið segir, hefir alltaf verið á móti öllu íhaldi, var í nefndinni, en fékkst ómögulega til þess að samþykkja þessa tillögu Ríkisstjórninni þótti ekki rétt að afgreiða málið, nema með samþykki Alþingis kæmi til, þar sem kosningarnar 1934 fóru þá í hönd.-

Heimild til þess að kaupa Raufarhafnarverksmiðjuna var samþykkt á haustþinginu 1934, þegar þáverandi stjórn sildarverksmiðja ríkisins hafði mjög eindregið lagt til, að verksmiðjan yrði keypt. Þá voru í stjórn sildarverksmiðja ríkisins þeir X Jón L. Þorðarson, Þormóður Eyjólfsson og undirritaður. - Samningar tókust um kaup á verksmiðjunni voríð 1935 fyrir N.kr. 60 þús.-

Verksmiðjan á Sólbakka við Önundarfjörð hafði orðið eign Islandsbanka, þegar félag Kristjáns Torfasonar hetti. Útvegsbankinn eignaðist svo verksmiðjuna með öðrum eignum Islandsbanka. - Útvegsbankinn starfrækti verksmiðjuna fyrst sjálfur, en leigði h/f Kveldúlfi hana síðar. Árið 1934 fékat bankinn ekki til þess að leigja Kveldúlfi stöðina áfram, nema fyrir stórhækkaða leigu, sem varð til þess, að Kveldúlfur dró sig í hlé. - Til þess xx

að reyna að bjarga rekstri verksmiðjunnar sumarið 1934 gaf Magnús Guðmundsson út bráðabirgðalög um leigunám á verksmiðjunni. Löggin komu strax til framkvæmda, en þá var komið fram á síldartíma og veiðin fremur treg, svo að verksmiðjan fékk lítið af síld tál vinslu.-

Á haustþinginu 1933, er sjálfstæðis og bændaflokksmenn voru í meirihluta á Alþingi, hafði verið samþykkt heimild til þess að kaupa verksmiðjuna, en gengið hafði mjög erfiðlega að ná samkomulagi um kaupverðið. - Vorið 1935 náðist samkomulag um, að ríkið keypti verksmiðjuna fyrir kr. 350 þús. og var leigan á verksmiðjunni sumarið 1934 innifalin í kaupverðinu.-

Á haustþinginu 1933 flutti sjávarútvegshæfing Heðri-deildar frumvarp um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast 70 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað til þess að reisa síldarbræðslustöð í sambandi við fólumjólverkmiðju bæjarins. Breytingartillaga frá Þorsteini Þorsteinssyni, þingmanni Dalamanna, um að Neskaupstaður skyldi setja tryggingar fyrir ábyrgðinni var samþykkt í einu hljóði. Ábyrgðarheimildin var síðan samþykkt í báðum þingdeildum með samhljóða atkvæðum.-

Verkmiðjan var svo sett upp árið 1934 og vinnur úr ca. 300 málum á sólarhring.-

Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson og Páll Hermannsson báru fram breytingartillögu við fjárlöggin 1934, sem heimilaði ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir innlent félag fyrir allt að 350 þús. kr. til að koma upp síldarverkmiðju á Seyðisfirði. Verkmiðjan skyldi geta unnið úr ca. 600 málum á sólarhring. Lánið mátti ekki fara fram úr 90% af stofnkostnaði stöðvarinnar og til tryggingar því skyldi vera  $\frac{1}{4}$  veðréttur í eignum ásamt ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar. - Félag var stofnað á Seyðisfirði



15

~~- 8 -~~

til þess að reisa verkmiðjuna á þessum grundvelli og var verk-  
miðjan fullgerð haustið 1936 og áætlað að hún vinni 600 mál  
á sólarhring.-

Vinsla á sólarbring talið í síldarmálum 135 kg

6900

	Ástl.							
	1930	1931	1932	1933	1934	1935	1936	1937
Sólbakki	1000	1000	1000	1000	1000	1000	karfi	1000 X
Hesteyri	1300	1300	1300	1300	1300	1300	1300	1300
Djúpavík						2400	2400	4000
Ríkisv.1930	2300	2300	2300	2300	2300	2300	2300	2300 X
Dr.Paul	1200	0	0	1400	1400	1400	1400	1400 X
Rauðka	700	0	700	700	700	700	700	700
Grána	400	0	0	0	400	400	400	400
Dagverðareyri	0	0	0	0	1200	1200	1200	1200
Krossanes	2000	2000	2000	2000	2000	3000	3000	3000
Raufarh.	600	600	600	600	600	900	900	900 X
Nýja Ríkisv.						2400	2400	2400 X
Neskaupst.					200	200	300	300
Seyðisfj.								600
Hjalteyri								4000
Akranes								600
	<u>9500</u>	<u>7200</u>	<u>7900</u>	<u>9300</u>	<u>11100</u>	<u>17200</u>	<u>16300</u>	<u>24100</u>

1000 -  
 1200  
 1400  
 1400  


---

 7100  
 8000  
 4000